

Kaupákvörðunum beint til áhrifa

Konur sætta sig ekki lengur við að bíða á hliðarlínu fjármálalífsins. Það er mjög að vonum og kom berlega fram á námstefnunni Virkjum fjármagn kvenna sem Samtök atvinnulífsins héldu á föstudaginn var, en á fjórða hundrað manns sátu stefnuna. Öllum má vera ljóst mikilvægi þess að konur hasli sér völl innan fjármálagæirans, við hlið karla. Viðskiptaráðherra vakti athygli á þeim staðreyndum sem við blasa og eru öllum kunnar; of fáar konur sitja í áhrifastöðum í atvinnulífinu og hlutfall kvenna í stjórnum fyrirtækja er of lágt. Um það er ekki deilt að þessu þarf að breyta þótt það hafi gengið alltof hægt. Hugur fundarmanna á föstudaginn bendir vonandi til þess að hraðar gangi í framtíðinni. Viðskiptalífið verður af miklum auði, nýti það ekki framlag kvenna.

Ýmis jákvæð teikn eru á lofti um löngu tímabærar breytingar. Halla Tómasdóttir, wstjórnarformaður Auðar Capital og frummælandi á fyrrnefndum fundi, benti t.d. á að fleiri konur en karlar útskrifuðust nú úr öllum deildum háskóla. Það hlýtur að nýtast þeim til að jafna stöðuna þegar fram líða stundir. Þá eru konur í auknum mæli ábyrgar fyrir daglegum rekstri fyrirtækja og stofna í auknum mæli eigin fyrirtæki. Það er ekki síst mikilvægt. Konur verða að taka af skarið og stofna fyrirtæki, ekki síður en karlar. Halla nefndi að konur þyrftu að aðlagast sig leikreglunum, spila með. Það eykur fjölbreytni því eiginleikar karla og kvenna eru að hluta ólíkir en þörf er á framlagi beggja.

Konur verða að láta slag standa og fara fyrir fé.

Ótrúlegt er raunar hve aðkoma kvenna að fyrirtækjastjórnun er lítil, ef marka má þær tölur sem Halla nefndi á fundinum um heimilisstjórnun. Þar kom fram að konur tækju 80% af kaupákvörðunum heimila. Nánar tiltekið væru 92% ákvarðana um kaup á ferðalögum teknar af konum, 91% ákvarðana um kaup á nýju húsnæði, 80% ákvarðana um kaup á heilbrigðisþjónustu, 66% ákvarðana um kaup á bílum.

Konur stjórna greinilega heimilishaldinu en leita út, og ef marka má spá þá sem Halla nefndi mun það ganga eftir. Samkvæmt skýrslu Economist fyrir Barclays-banka kemur fram að konur eiga þegar 48% af sparnaði, að árið 2020 verði fleiri konur en karlar milljarðamæringar og að fleiri og fleiri konur fari fyrir fé. Um leið og konur gera sig meira gildandi við hlið karla í stjórnunarstöðum í fyrirtækjum eða stofnun þeirra hljóta karlar að láta meira til sín taka í ábyrgð á rekstri grunneiningar samfélagsins, heimilisins. Tölurnar sem fram komu á fundinum sýna að þeir firra sig í miklum mæli ábyrgð á heimilisrekstri.

Konur verða að láta slag standa og fara fyrir fé. Á því hamraði Halla og beindi orðum sínum til kynsystra sinna sem voru í yfirgnæfandi meirihluta á fundinum. Beinum kaupákvörðunum okkar til áhrifa, sagði hún, förum fyrir okkar sparnaði og fjárfestingum og kaupum og rekum fyrirtæki. Það er farsælla að konur komi með þessum hætti að markaðnum fremur en að stjórnvöld beiti þar valdboði líkt og tíðkast t.d. í Noregi. Viðskiptaráðherra sagði á fundinum að æskilegast væri að frumkvæði að breytingum á kynjahlutföllum í stjórnum fyrirtækja kæmi frá þeim sjálfum en bætti við, að sýndu þau ekki það frumkvæði og skynjuðu ekki að aukin þátttaka kvenna væri í þágu þeirra eigin hagsmuna, kæmu afskipti löggjafans sterklega til greina. Bæði Halla Tómasdóttir og Guðrún Bjarnadóttir, lögmaður Samtaka atvinnulífsins og frummælandi á fundinum, lýstu þeirri skoðun sinni að farsælla væri að jafna hlut kynjanna á forsendum markaðarins og að valdboð væri ekki rétta leiðin. Í máli Guðrúnar kom fram að fjármagn hluthafa og þekking á rekstri réði mestu um val í stjórnir. Því þyrftu konur að nýta fjármagn sitt til að tryggja sér stjórnarsæti og stofna fleiri fyrirtæki.

Kynin hljóta að átta sig á því bæði að með aðkomu kvenna að borðinu eykst fjölbreytileikinn og ný viðskiptafæri verða til.

